Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

5 694110 023513

Fimmtudagur
2. desember 2010
48. tbl. · 27. árg.

LEIGUFÉLAG VESTFJARÐA
Vantar þig íbúð til leigu?
Hafðu samband!
sími: 456 6600

Gómsætar og girnilegar PIZZUR á góðu verði
Vestursjóð
Restaurant · Bar
Edinborgarhúsinu
Sími: 456 6620

Kenjóttir karlar

„Þessir karlar eru að verða eins og sjaldséðir hvítir hrafnar," segir Dr. Þorleifur Ágústsson, kennari við Menntaskólann á Ísafirði og framkvæmdastjóri Murr ehf., en spaugilegar sögur hans af fastakúnnunum á Bragakaffi verða gefnar út á bók fyrir jólin. Tolli, eins og hann er kallaður, ræðir uppvöxtinn í kvennaveldinu á Akureyri, hunda, ketti og kenjótta karla á miðopnu í dag.

EIMSKIP
| Eyrarskáli | Sími 525 7890 |
EIMSKIP
Yfir hafið og heim

Skuldsetning hafin á ný

„Þrátt fyrir að hafa fengið afskrifaðar skuldir upp á milljarða króna fékk útgerðarfélagið Jakob Valgeir ehf. samþykki Landsbankans fyrir því að taka yfir hluta af skuldum annars útgerðarfélags í sambandi við kaup á aflaheimildum og skipum. Fyrst var sagt frá þessu máli í Kastljósi RÚV í síðustu viku. Málið er tiltölulega flókið, ekki síst vegna þess að í því skipta hlutafélög ítrekað um nöfn og kennitölur og skiptast jafnvel á nöfnum. Í miðju málsins er Jakob Valgeir Flosason, útgerðarmaður í Bolungarvík. Hann var einn þeirra sem tók þátt í fjárfestingum Stíms hf., en málefni þess félags er til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara,“ segir í Morgunblaðinu.

Þar segir einnig: „Jakob Valgeir átti persónulega 2,5 prósenta hlut í Stími auk þess sem hann átti önnur 5 prósent í gegnum félag, sem hann átti með Ástmari Ingvarssyni. Aðrir menn honum tengdir áttu svo 25 prósent í Stími til viðbótar. Stím var stofnað til kaupa á hlutabréfum í Glitni og FL Group og fékk 19 milljarða króna lán frá Glitni til kaupanna. Þá lánuðu Saga Capital og dótturfélag Fons hf. samtals 5,5 milljarða til félagsins. Þetta lánsfé hefur verið afskrifað og að engu orðið. Eigið fé Stíms var tveir milljarðar króna og hefur Jakob Valgeir sagt að hann hafi ekki tekið lán fyrir sínum hluta, heldur hafi greitt fyrir hann með reiðufé. Í nóvember 2008 námu skuldir fyrirtækja Jakobs við Landsbankann um nítján milljörðum króna. Stærstan hluta þessara skulda bar félagið Jakob Valgeir ehf., eða um 13 milljarða króna. Við skiptingu Landsbankans urðu þessar skuldir eftir hjá gamla Landsbankanum.

Í desemberlok 2008 er skipt um nafn á Jakobi Valgeiri ehf. og nefnist félagið eftir það JV ehf. Annað félag í eigu Jakobs sjálfs, Guðbjartur ehf., skipti einnig um nafn og heitir eftir breytingu Jakob Valgeir ehf. Þetta nýnefnda félag tekur, með samþykki gamla Landsbankans, yfir eignir gamla félagsins og hluta skulda, en meirihluti skuldanna varð eftir í JV ehf. og er tapað fé.

Eins og sjá má er ekki ljóst hve stór hluti áðurnefndra 19 milljarða skulda hefur verið afskrifaður nú þegar eða verður afskrifaður síðar. Það sem liggur fyrir er að skuldir hins nýnefnda Jakobs Valgeirs ehf. námu tæpum sex milljörðum króna í árslok 2008 og af ársreikningi fyrirtækisins má lesa að skuldirnar hafi aukist um 2,5 milljarða frá árinu áður, einkum vegna falls krónunnar.“

Víkur þá sögunni að útgerðarfyrirtækinu Festi í Hafnarfirði. Það félag átti eftir hrun í alvarlegum skuldavanda og var tekið til gjaldþrotaskipta í byrjun nóvember 2009 og sett í sölu af nýja Landsbankanum skömmu síðar. „Um síðustu áramót var greint frá því að útgerðarfélagið Vörlusteinn hefði keypt báta og aflaheimildir Festar fyrir um 3,2 milljarða króna. Fékk Vörlusteinn um 80% kaupverðsins að láni frá Landsbankanum, eða um 2,5 milljarða króna. Vörlusteinn ehf. var í að stærstum hluta í eigu Gunnars Torfasonar og Ólafs Jens Daðasonar, en Gunnar var einn af hluthöfum Stíms með Jakobi Valgeiri.

Um mitt þetta ár er skipt um nafn á Vörlusteini og tekur félagið upp nafnið Salting ehf. Annað félag, sem áður hét Salting ehf., skiptir einnig um nafn og heitir nú Vörlusteinn ehf. Hið nýnefnda félag Salting er svo selt öðru félagi, B15 ehf., og er salan gengin í gegn 1. september. Þann dag tekur ný stjórn Salting til starfa, en hana skipa þau Jakob Valgeir Flosason og Björg H. Daðadóttir, eiginkona Jakobs. Félagið B15 ehf. er að öllu leyti í eigu Bjargar.



Skýringakort: Morgunblaðið.

Verðið sem B15 greiddi fyrir Salting mun vera rúmur milljarður króna og var að stærstum hluta yfirtaka á skuldum félagsins við Landsbankann. Var það gert með samþykki bankans,“ segir ennfremur í úttekt Morgunblaðsins.

„Við kaupin á Festi fékk Vörlusteinn sex báta og fiskvinnslu í Hafnarfirði auk aflaheimilda upp á um 1.650 þorskígildistonn. Mjög fljótlega seldi félagið tvo bátanna, Önnu GK og Ásdísi GK, og Hafdís GK var seld skömmu síðar. Um síðustu áramót gerði félagið út þrjá báta sem fengust með kaupunum á Festi, Vilborgu GK, Baddý GK og Hildi GK, en Vörlusteinn átti fyrir Hrólf Einarsson ÍS, sem félagið hafði keypt í maí 2009. Þegar athugað er hvað orðið hefur um þessa báta nú, tæpu ári eftir kaup Vörlusteins á eignum Festar, sést að Vörlusteinn gerir nú aðeins út einn bát, Hrólf Einarsson ÍS. Þá vekur athygli að Vilborg GK er nú í flota Jakobs Valgeirs ehf., en Vilborgu fylgja m.a. heimildir til veiða á 166 tonnum af þorski, 65 tonnum af ýsu og 56 tonnum af steinbíti. Vilborgin stoppaði því stutt við hjá Vörlusteini.

Félagið í hringiðu þessa máls, Jakob Valgeir ehf., áður Guðbjartur ehf., var rekið með tæplega 3,1 milljarðs króna tapi árið 2008, samkvæmt ársreikningi félagsins. Voru það fjármunagjöld sem léku stærstan hlut í afkomunni, en þau námu tæpum 3,4 milljörðum króna. Segir í ársreikningi að því valdi hrun á gengi krónunnar. Eignir félagsins námu í árslok 2008 3,6 milljörðum króna, en þar af voru fiskveiðiheimildir metnar á um þrjá milljarða. Langtímaskuldir félagsins nær tvöfölduðust á árinu, fóru úr 2,8 milljörðum í 5,5 milljarða króna. Er þar um að ræða skuldabréfalán.

Skammtímaskuldir tvöfölduðust einnig, fóru úr 240 milljónum í 530 milljónir, einkum vegna stóraukinna afborgana af langtímaskuldum. Af þessu sést að eigið fé Jakobs Valgeirs ehf. var neikvætt um 2,4 milljarða króna.“

Kjálkabraut mann við bílasjoppu

Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið sakfelldur í Héraðsdómi Vestfjarða fyrir líkamsárás. Maðurinn var dæmdur til skilorðsbundinnar fangelsisrefsingar og til að greiða brotaþola skaða- og miskabætur. Manninum var gert að sök að hafa á síðasta ári slegið annan mann ítrekað hnefahöggum í andlitið fyrir utan verslunina Krílið á Ísafirði, með þeim afleiðingum að hann kjálkabrotnaði, tveir endajaxlar losnuðu og slímhúð í kjálka rofnaði, ásamt því að tilfinning í neðri vör skertist. Fyrir dómi þótti sannað að maðurinn hefði slegið brotaþola nokkuð þungu höggi í andlitið með þeim afleiðingum sem í ákæru greinir.

Brotaþoli þótti því eiga rétt á miskabótum úr hendi ákærða vegna líkamsárásarinnar. Við ákvörðun þeirra var tekið mið af því að brotaþoli ögraði ákærða í aðdraganda þess að ákærði sló hann. „Brotaþoli gekk upp að honum og sýndi honum löngutöng. Alþekkt er að í slíkri háttsemi felst móðgun. Þó svo þessi athöfn brotaþola geti ekki með nokkru móti réttlætt brot ákærða verður ekki fram hjá henni litið við ákvörðun refsingar ákærða,“ segir í dómnum.

Samkvæmt því, áverkum brotaþola og að atvikum málsins að öðru leyti virtum þóttu hæfilegar miskabætur nema 250.000 krónum auk sakarkostnaðs. Þá var ákærði dæmdur til að sæta fangelsi í 7 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins haldi hann almennt skilorð.

Ljúffeng máltíð
og létt í maga

Hunangsgljáð kalkúnabringa

Létt lostæti sem hentar vel til hátíðarbrigða. Kjötið er fulleldað en gott er að hita það upp í ofni áður en það er borið fram. Kalkúnabringan er einnig góð köld og ofan á brauð.

GULLVERÐLAUN
MEISTARAFÉLAG KJÖTIÐNAÐARMANNA
STOFNAÐ 1990
2010

Reykt kalkúnasteik

Ljúffeng reykt kalkúnasteik með hefðbundnu hátíðarmeðlæti er matur sem öllum líkar. Kjötið er fulleldað en gott er að hita það upp í ofni áður en það er borið fram. Kalkúnasteikin er einnig góð köld og ofan á brauð.

Grafika 10

Íslensk framleiðsla

ÍSFUGL

Reykjavegi 36, Mosfellsbæ
Sími: 566 6103, Fax: 566 6762
isfugl@isfugl.is, www.isfugl.is

Jóna Símonía Bjarnadóttir, forstöðumaður Bæjar- og héraðsbókasafns, Skjalasafnsins Ísafirði og Ljósmyndasafnsins Ísafirði, lifir og hrærist í sagnfræðinni og safnastarfinu. Í hjáverkum leiðbeinir hún fólki við ritun æviminninga og hugleiðir bæði gamlar jólahefðir og afdrif súkkulaðiumbúða. Jóna Símonía hélt síðasta haust námskeið undir yfirskriftinni „Arfur kynslóðanna“ í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Það miðaði að því að kenna þáttakendum aðferðir til að skrá ævisögu sína eða minningabrot og hvetja þá til þess að ráðast í það verkefni.

Saga einstaklingsins skiptir máli

„Ég var um tíma með þættina Okkar á milli í útvarpi. Þá kom það oft fyrir þegar ég hafði samband við fólk og falaðist eftir viðtölum að fólk sagðist hreinlega ekki hafa frá neinu að segja. Það fékk mig til að hugsa um þetta, það þarf einhvern veginn að gera fólki ljóst að það hefur frá mjög mörgu að segja,“ segir Jóna Símonía. „Starfsmenn hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða höfðu svo samband við mig með hugmyndir í þessum dúr og til varð þetta námskeið.“

Námskeiðið síðastliðið haust var ætlað eldri borgurum, enda hefur fólk á þeim aldri lifað mikla umbrotatíma í Íslandssögunni og heimssögunni allri. „Maður er svo oft að hugsa um söguna út frá heildarsögu, hvaða merkisatburðir urðu á þessum og þessum tíma, en við gleymum gjarnan því smáa og hversdagslega. Það er hins vegar líka saga. Það má horfa á hið smáa, sögu einstaklingsins, og skoða stóra samhengið út frá því,“ útskýrir Jóna Símonía.

Ómetanlegar heimildir

Þáttakendur í námskeiðinu fengu því að kynnast aðferðum til þess að festa minningar sínar á blað, eða skrá þær með öðrum hætti.

„Það má náttúrulega líka tala inn á diktafón eða taka upp á myndavél, eða hreinlega segja börnum og barnabörnum sögurnar. Það skiptir oft miklu máli fyrir afkomendur að vita eitthvað um lífshlaup forfeðra sinna. Ég hef heyrt fólk segja frá því að þegar amma og afi þess dóu vissu afkomendur eiginlega ekki neitt, þessi miðlun sagna og minninga hafði ekki farið fram. Það getur verið svo mikill fjársjóður fyrir börn og barnabörn og þá sem á eftir koma að setjast niður og festa minningar sínar á blað, það sem maður man um forfeður sína, til dæmis,“ segir Jóna Símonía.

Hún segir það jafnframt ómetanlegt framlag til safna og skjalasafna þegar fólk afhendi þeim persónuleg skjöl sín, þar sem í dagbókum og bréfum einstaklinga séu varðveittar dýrmætar heimildir um fyrri tíma. Á námskeiðinu fengu þáttakendur einnig að kynnast því starfi sem unnið er á skjalasafninu og ljósmyndasafninu og kynna sér spurningaskrár sem Þjóðminjasafn Íslands nýtir við öflun upplýsinga frá almenningi. Jóna bendir á að þær skrár sé gott að hafa til hliðsjónar þegar hugað er að skráningu minninga.

„Í síðasta tímanum okkar höfðu þeir sem vildu skrifað niður minningabrot og lásu það upp. Það var mjög skemmtilegur tími og þar kom auðvitað upp úr dúrnum að þau höfðu svo sannarlega frá mörgu áhugaverðu að segja. Einn þáttakandi skrifaði um jólahald og annar sagði frá því þegar hann var í sveit á sumrin,“ segir Jóna, sem kveðst hæstánægð með afraksturinn. „Þetta voru alveg frábærar frásagnir sem endurspegluðu samfélag liðins tíma. Ég vona bara að þáttakendum hafi fundist námskeiðið jafn skemmtilegt og mér!“ segir hún og hlær við.

Útgáfa möguleg

Mögulegt er að haldið verði framhaldsnámskeið með það fyrir augum að gefa það efni sem safnast hefur út. „Hugmyndin er að vinna þá áfram úr því sem varð til á þessu námskeiði og safna því og meiru til í útvarpsþátt, til dæmis, eða á bók eða hljóðbók. Við erum hins vegar að reyna að afla styrkja til þess. Slíkt námskeið yrði svolítið dýrara í framkvæmd, það þyrfti að útvega tækjabúnað og tæknimann,“ útskýrir Jóna, sem kveðst strax hafa séð fyrir sér að hægt væri að nýta efnið til þáttagerðar fyrir útvarp. „Við værum með í höndunum efni í marga útvarpsþætti þarna,“ segir hún og hlær við.

Eins hyggja aðstandendur á að bjóða aftur upp á sama námskeið, með nýjum þáttakendum. Stefnt var að því að halda það nú í haust, en þar sem ekki fékkst næg þáttaka var námskeiðinu frestað þar til eftir áramót. „Það nám-

Jóna Símonía Bjarnadóttir hefur kennt námskeið þar sem þáttakendur læra aðferðir til að skrásetja æviminningar sínar. Stefnt er að nýju námskeiði eftir áramót.

skeið verður opið öllum, ekki bara eldri borgurum," útskýrir Jóna, sem bendir á að það geti sömuleiðis verið hentugt þeim sem hafi í huga að skrá minningar foreldra sinna eða annarra ættmenna.

Persónuleg gögn í sókn

Jóna hvetur alla þá sem skrá slíkar minningar og ofan getur til að varðveita heimildirnar vel og afhenda söfnum. Að hennar sögn hefur átt sér stað mikil vakning hvað varðar persónulegar heimildir á síðastliðnum árum.

„Maður finnur alveg fyrir því í sagnfræðinni að þessi hlið hennar er í sókn. Það hafa til dæmis verið haldnir dagbókardagar, þar sem dagbókum er markvisst safnað inn á skjalasöfnin. Nú er líka starfrækt Miðstöð munnlegrar sögu, þar verið er að safna frásögnum einstaklinga mjög kerfisbundið," bendir Jóna á. „Það eru fleiri og fleiri sem skrifa lokaritgerðir eða rannsóknir á sviði einkasögunnar og skoða einstaklinginn í samfélaginu. Þetta er mjög áhugaverð og skemmtileg þróun," segir hún.

Aukinn áhugi á sagnfræði

Jóna Símonía og samstarfsfélagar hennar á söfnum Ísafjarðar, Ljósmyndasafni Ísafjarðar, Héraðsskjalasafni og Bæjar- og héraðsbókasafni, hafa í nógu að snúast í ýmsum verkefnum. Forstöðumaðurinn segist þar að auki finna fyrir aukinni aðsókn að söfnunum í Gamla sjúkrahúsinu.

„Notkunin á bókasafninu er að aukast töluvert og eins hefur notkunin á skjalasafninu og ljósmyndasafninu aukist eftir að við fluttum upp á Gamla sjúkrahús. Við höfum núna betri aðstöðu til að taka á móti gestum og söfnin eru líka að vaxa. Á ljósmyndasafninu eru til dæmis núna um 450.000 myndir og filmur og alltaf að bætast í," segir Jóna.

Hún segist finna fyrir því að áhugi almennings á sagnfræði og ættfræði fari vaxandi og útilokar ekki að það tengist kreppunni á einhvern hátt. „Það gæti alveg verið. Tempóið hefur allt breyst í samfélaginu. Kannski er fólk núna að gefa sér tíma til að sinna þessum málum, sem er auðvitað bara jákvætt og gleðilegt," segir hún.

Næg verkefni

Ýmiss verkefni eru á döfinni hjá söfnunum. Skjalasafnið vinnur að skráningarverkefnum fyrir Utanríkisráðuneytið og Þjóðskjalasafn og iðulega eru settar upp sýningar í Gamla sjúkrahúsinu þar sem söfnin leggjast á eina sveif.

„Núna höfum við til dæmis verið með sýningu á teikningum og myndum af gamla pósthúsinu, Aðalstræti 18. Það hús á sér merka sögu. Það var byggt árið 1920 sem magasín að evrópskri fyrirmynd. Á því voru gríðarlega stórir glersýningargluggar, sem voru algjör nýlunda á Ísafirði. Verslunarrýmið var tvílyft og það lágu teppaklæddir stigar upp á efri hæðina, sem var eins og svalir," útskýrir Jóna. „Húsið var hins vegar ekki lengi svona, því 1929 var búið að breyta því mikið og taka gluggana, til dæmis," bætir hún við.

Í lok október var bangsadagurinn haldinn hátíðlegur á bókasafninu og var mikið líf og fjör hjá bæði böngsum og börnum og nú eru jólabækurnar að skila sér í hús. Þá er verið að undirbúa jólasýningu safnanna, sem ætti að vera Jónu Símoníu sérlega hugleikin þar sem hún kveðst vera sérstök áhugamanneskja um jólin og jólahald.

„Ég hef stundum verið með efni í útvarpinu tengt jólunum. Mér finnst þetta mjög áhugaverður tími og jólahald hefur líka gjörbreyst á mjög skömmum tíma, bara frá því að ég var barn. Ég hef bent fólki á að bæði skrifa um jólahald og eins halda til haga gömlum jólakortum, skrauti, pappír og öðru. Gamalt jólaskraut er orðið mjög fágætt," segir Jóna.

Ekki henda hversdagslegu munum

Hún segist hafa rekið sig á það við uppsetningu jólasýninga og annarra sýninga í Gamla sjúkrahúsinu að oft geti verið erfitt að komast yfir hversdagslega muni. „Ég ætlaði einu sinni að útvega Ríó kaffibox og David kaffibæti fyrir sýningu, þessa muni sem voru til inn á nánast hverju einasta heimili. Ég hélt að ég gæti fengið þetta bara svona í næsta húsi, en ég lenti í alveg svakalegum vandræðum. Það voru svo margir búnir að henda þessu. Þetta er eitthvað sem minjasöfnin hafa verið að gera átak í – að safna þessum hversdagslegu hlutum, mjólkurumbúðum og öðru slíku sem fólk hugsar ekki um að sé orðið sjaldgæft," útskýrir Jóna og kemur með svipaða sögu úr samtímanum.

„Ég var nú bara að ræða við mann um daginn og við fórum að spjalla um suðusúkkulaðið, smjörpappírspakkann með tveimur plötum. Þetta er súkkulaðið sem maður kaupir alltaf í jólasúkkulaðið og það hefur mjög lengi verið akkúrat svona. Hann spurði hvort ég myndi eftir því þegar hægt var að kaupa eina plötu sem var vafin í álpappírsþynnu, og svo var pappír utan um það. Þær umbúðir eru allt í einu bara horfnar, án þess að maður taki eftir því! Nú krosslegg ég bara fingur og vona að Nói Siríus haldi sig áfram við smjörpappírinn," segir hún og skellir upp úr.

Litlu hversdagshlutirnir sem eiga sér sögu inni á hverju heimili eru einmitt oft þeir sem skemmtilegast er að sjá á sýningum, eins og Jóna upplifði þegar hún fékk skólabörn í heimsókn á jólasýningu.

„Þar var ég meðal annars með gamalt Prins póló, þetta í álumbúðunum. Þeim fannst það alveg merkilegt - að sjá svona öðruvísi Prins póló – og það spunnust miklar umræður um þetta. Reyndar held ég að þeim hafi fundist einna áhugaverðast að súkkulaðistykkið væri ennþá til, að það væri ekki einhver löngu búinn að éta það!" segir hún kímin.

Aðspurð hvort landsmenn eigi þá að fara að hugsa sig tvisvar um áður en þeir henda Ópalpökkunum, með framtíða safnsýningar í huga, skellir hún upp úr. „Ja – það er alveg spurning! Það er að minnsta kosti staðreynd að þetta smáa úr hversdeginum á alveg jafn mikið erindi inn á söfnin og annað. Rétt eins og með persónulegu skjölin og frásagnirnar. Þær eru fjársjóður fyrir þá sem á eftir koma," segir Jóna Símonía. *– Sunna Dís Másdóttir.*

Vestfirsk sveitarfélög hafa oftast fengið skuldir afskrifaðar hjá Íbúðalánasjóði.

Skulda 4,5 milljarða

Alls eru um 1,3 milljónir króna í vanskilum hjá Íbúðalánasjóði vegna kaupa sveitarfélaga í NV-kjördæmi á félagslegu húsnæði, að því er kemur fram í svari Guðbjarts Hannessonar, félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur, alþingismanns. Heildarskuldir sveitarfélaga í landinu við sjóðinn nema um 44 milljörðum króna og sveitarfélög í NV-kjördæmi skulda sjóðnum 4,5 milljarða króna. Skuldir sveitarfélaga í NV-kjördæmi eru hins vegar þær einu á landinu sem eru hærri en fasteignamat undirliggjandi eigna, en skv. fasteignamati er verðmæti fasteignanna um 4,2 milljarðar króna. Reykjavík skuldar Íbúðalánasjóði 21 milljarð króna en fasteignamatið er tæpir 27 milljarðar.

Í gegnum tíðina hafa sveitarfélög á Vestfjörðum oftast fengið skuldir sínar við Íbúðalánasjóð felldar niður eða í þremur af fjórum tilfellum. Árið 2002 voru um 84 milljónir afkrifaðar í Vesturbyggð. Ísafjarðarbær fékk 13 milljónir afskrifaðar árið 2003 og síðan aftur rúmar 25 milljónir árið 2006 eða samtals 38 milljónir króna. Bolungarvíkurkaupstaður fékk 73 milljónir króna afskrifaðar á síðasta ári en fyrir liggur beiðni um frekari afskriftir á 81 milljón króna skuld Bolungarvíkurkaupstaðar við Íbúðalánasjóð. *– kte@bb.is*

Fimmtán milljónir fyrir sjúkraflutninga

Kostnaður vegna sjúkraflutninga og flutninga milli stofnana hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða nam tæpum 15 milljónum króna á síðasta ári. Er það töluverð lækkun frá árinu á undan en þá nam kostnaðurinn 29 milljónum króna. Árið 2007 var hann hins vegar 21 milljón króna. Þetta kemur fram í svari Guðbjartar Hannessonar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Jóns Gunnarssonar á Alþingi.

Samtals var kostnaður vegna sjúkraflutninga í heilbrigðisumdæmi Vestfjarða 21 milljón króna í fyrra, en þá eru Heilbrigðisstofnun Patreksfjarðar og Hlíf íbúðir aldraðra á Ísafirði taldar með. Árið 2008 var kostnaðurinn í umdæminu 35 milljónir króna og 26 milljónir árið 2007. Heildarkostnaður á landinu öllu vegna sjúkraflutninga nam 815 milljónum króna á síðasta ári, 747 milljónum árið 2008 og 664 milljónum árið 2007. Tæpur þriðjungur kostnaðarins er vegna sjúkraflugs. *– kte@bb.is*

Óska eftir niðurfellingu skulda

Bolungarvík fékk 73 milljónir króna afskrifaðar hjá Íbúðalánasjóði á síðasta ári. Nú liggur fyrir beiðni um að fella niður 81 milljóna króna skuld sveitarfélagsins við Íbúðalánasjóð sem er um þriðjungur af heildarskuldum Bolungarvíkur við sjóðinn. Niðurstaða í því máli liggur ekki fyrir, að því er kemur fram í svari félags- og tryggingamálaráðherra, Guðbjarts Hannessonar, við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um skuldir sveitarfélaga hjá Íbúðalánasjóði.

Í svari ráðherra segir að Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hafi óskað eftir því við sjóðinn í janúar á síðasta ári að hann felldi niður helming skulda Bolungarvíkurkaupstaðar við sjóðinn vegna félagslega íbúðakerfisins, sem námu alls 146 milljónum króna. Stjórn Íbúðalánasjóðs féllst á að afskrifa 73 milljónir króna og að 73 milljónir yrðu „frystar“ í eitt ár.

Að því tímabili loku yrði málið tekið til endurskoðunar í samráði við eftirlitsnefndina og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

Ágreiningur var um hvort Varnarmálastofnun ætti að greiða vsk. af reikningum Orkubús Vestfjarða vegna ratsjárstöðvar á Bolafjalli.

Þurfa ekki að greiða virðisaukaskatt

Varnarmálastofnun þarf ekki að greiða virðisaukaskatt af orkureikningum stofnunarinnar að því er fram kemur í dómi Héraðsdóms Reykjaness. Ágreiningur var um hvort stofnunin ætti að greiða virðisaukaskatt af reikningum frá Orkubúi Vestfjarða vegna ratsjárstöðvar á Bolafjalli. Orkubú Vestfjarða þarf að greiða hálfa milljón króna í málskostnað, að meðtöldum virðisaukaskatti. Varnarmálastofnun keypti orku af Orkubúi Vestfjarða vegna starfsemi ratsjárstöðvar á Bolafjalli ofan Bolungarvíkur. Ágreiningur var um hvort greiða ætti virðisaukaskatt af reikningunum vegna tímabilsins ágúst 2008 til ágúst 2009 en Varnarmálastofnun greiddi alla reikninga frá Orkubúi Vestfjarða á þessu tímabili, en án virðisaukaskatts.

Á þessum tíma voru í gildi varnarmálalög sem fjalla um starfsemi stefnda. Lögin tóku gildi 31. maí 2008 en stefndi hóf formlega starfsemi 1. júní 2008 og tók þá yfir starfsemina við Bolafjall. Í lögunum segir: „Öryggis- og varnarsvæði, ásamt mannvirkjum íslenska ríkisins, Atlantshafsbandalagsins eða Bandaríkjanna þar, og starfsemi þeim tengd, skulu undanþegin öllum opinberum gjöldum, þ.m.t. vegna kaupa á vöru og þjónustu til viðhalds og rekstrar. Þá eru mannvirkin undanþegin skyldutryggingu fasteigna.“

Í frumvarpi til varnarmálalaga segir í athugasemdum að eðli málsins samkvæmt falli virðisaukaskattur undir hugtakið opinber gjöld í ákvæðinu. Samkvæmt því var Varnarmálastofnun undanþeginn greiðslu virðisaukaskatts, að því er segir í dómi héraðsdóms. *– thelma@bb.is*

Spurningin

Ert þú búin að ákveða hvern þú ætlar að setja í fyrsta sæti í kosningunum til stjórnlagaþings?

Alls svöruðu 489.
Já sögðu 202 eða 41%
Nei sögðu 95 eða 19%
Tek ekki þátt sögðu 192 eða 40%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Norðaustan 8-13 m/s og él við austurströndina, en annars hæg breytileg átt og yfirleit léttskýjað. Frost 1-10 stig, en um frostmark við suður- og vesturströndina. **Horfur á laugardag og sunnudag:** Útlit fyrir hægviðri og skýjað með köflum.

Ritstjórnargrein

Fullveldið

Við útskrift í Menntaskólanum í Reykjvík 1961, ávarpaði 25 ára stúdent nýstúdenta og sagði m.a.: ,,Það er vandi að vera maður. Allt val er erfitt. En reynið að velja í samræmi við samvisku ykkar. Virðið það sem er rétt. Elskið það sem er satt. Iðkið það sem er gott. Njótið þess sem er fagurt. Keppið ekki að því að verða vélmenni, sem lifað geti áhyggjulausu hóglífi í allsnægtum. Verið frjálsir menn, sem er það jafn eðlilegt að vilja kryfja vandamál til mergjar og láta heillast af lokkandi leyndardómi. Reynið ekki að skilja alla hluti. Markmið lífsins er ekki einungis að skilja, heldur ekki síður að njóta.

Í gær hafði náttúran vald yfir manninum. Í dag hefur maðurinn vald yfir náttúrunni. Ef til vill er það alvarlegasta tákn þeirra tíma, sem við nú lifum, að maðurinn er að öðlast vald yfir náttúrunni, áður en hann öðlast vald yfir sjálfum sér. Höfuðhlutverk ykkar kynslóðar verður að öðlast vald yfir sjálfri sér, til þess að mannkyn megi búa við frelsi og frið, farsæld og öryggi, – til þess að framfarasporin þurfi engan ugg að vekja í brjósti mannsins, heldur aðeins fögnuð. Ykkur tekst það, ef þið lærið að þekkja sjálf ykkur og berið kærleika til annarra. Þekking á sjálfum sér er allri annarri þekkingu mikilvægari.“*

Ár hvert erum við minnt á Fullveldisdaginn 1. desember og ártalið 1918 í Almanaki Hins íslenska þjóðvinafélags. Mikið til er dagurinn horfinn úr vitund þjóðarinnar.

,,Keppið ekki að því að verða vélmenni, sem lifað geti áhyggjulausu hóglífi í allsnægtum.“ Hvernig hljóma þessi hálfrar aldar gömlu viðvörunarorð í veruleika líðandi stundar? Ekki vantar vísindin og tæknina. En hvað með okkur sjálf? Hvað fangaði hugann í hálfa öld? Stórþjóðir hafa eytt stjarnfræðilegum fjármunum til að komast að raun um hvort líf leynist á öðrum hnöttum, hugsanlega til yfirráða í himinhvolfinu, á sama tíma og troðið hefur verið á skítugum skónum yfir plánetuna sem við búum á, í taumlausri græðgi eftir lífsgæðum, sem mölur og ryð fá grandað; í engu skeytt um umhverfið, lög, láð eða loft. Hvernig við skilum þessu í hendur komandi kynslóða?

Fullveldið er mikið til umræðu. Sem í mörgu öðru er ágreiningur um merkingu hugtaksins ,,fullveldi“ á meðal þjóðarinnar. Í hverju fólst fullveldið og frelsið sem við tengjum 17. júní 1944? Varla í legu landsins í miðju úthafi? Fullveldi þjóðar hlýtur að felast í sjálfstæði í samskiptum og samvinnu við aðrar þjóðir. Rétti til að velja og hafna. Leggja hinu góða lið. Hafna hinu illa. Það er mikilvægt að við leggjum lóð á vogarskálar til að ,,mannkynið megi búa við frelsi og frið, farsæld og öryggi.“ Undir því kann að vera komin framtíð okkar, sem frjálsar, fullvalda þjóðar, öðru fremur.

s.h. **Gylfi Þ. Gíslason: Hagsæld, tími og hamingja.*

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is.* **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is.* · Kristján Torfi Einarsson, sími 456 4560, *kte@bb.is* · **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

Upp með Vestfirði!

Lagersalan á Ísafirði

Kæru samborgarar.

Við þökkum ykkur kærlega fyrir góðar undirtektir við Lagersölunni okkar á Ísafirði. Við stöndum í þeirri meiningu að hvergi annarsstaðar í heiminum sé til sölu meira og fjölbreyttara efni um Vestfirði og Vestfirðinga en hjá okkur. Svona erum við barnaleg! Og verðin eru við allra hæfi.

Dæmi:

Bækurnar að vestan

Frá Bjargtöngum að Djúpi	950,- kr.
Mannlíf og saga fyrir vestan	680,- kr.
101 ný vestfirsk þjóðsaga	950,- kr.
Séra Baldur	1.200,- kr.
Kirkjustaðir á Vestfjörðum	950,- kr.
Vestfirsku ástarsögurnar	400,- kr.
Lífvörður Jörundar hundadagakóngs	700,- kr.
Vaskir menn	700,- kr.
Að sigra sjálfan sig	400,- kr.
Barnabækur	frá 400,- kr.

Það er alltaf heitt kaffi, kakó og te á könnunni.

Boðið upp á tilboð á hverjum degi.
Bækur allt niður í 200,- kr.

Nýju bækurnar eru allar með 20% afslætti.

Hugsið ykkur!
Alla þessa tónlist hafa Vestfirðingar verið að fást við - og þeir hafa gefið hana út á plötum sem koma og fara um lagersöluna hjá okkur:

Helmingurinn af tónlistinni fæst hvergi annarsstaðar!

Barnalög
Blús
Dinnermúsík
Djass
Einsöngsperlur
Framúrstefnutónlist
Gamalt popp
Gospel
Harmónikkutónlist
Jólalög
Karlremburokk
Kórar
Kvikmyndatónlist
Lúðrasveitartónlist
Nútímatónverk
Pönkafbrigði
Raftónlist
Rapp
Rímnakveðskapur
Rokk af ýmsum toga
Sjóaraslagarar
Slökunartónar
Tilraunatónlist
Trúbadoratónlist
Unglingapopp
Þjóðlagatónlist
Þungarokk

Í augnablikinu erum við með 92 titla en sífellt bætast fleiri í safnið!

Aðalstræti 24
opið 15:00-19:00
alla daga nema sunnudaga

Meðalverðið á diskum er um þúsundkall.

Vestfirska forlagið

Upp með Vestfirði!
Pantanir: 456-8181- jons@snerpa.is

Bloggar um Bragakaffi

Dr. Þorleifur Ágústsson, iðulega kallaður Tolli af vinum og vandamönnum, er aðfluttur Ísfirðingur. Hann er framkvæmdastjóri og stofnandi Murr ehf. í Súðavík, sem hlaut á dögunum viðurkenningu sem eitt athyglisverðasta íslenska nýsköpunarfyrirtækið í matvælaiðnaði, er stjórnarformaður Náttúrustofu Vestfjarða og áhugamaður um útivist og golfíþróttina. Hann hefur þar að auki safnað spaugilegum sögum um herramennina á Bragakaffi svokölluðu, og birt þær á bloggi sínu. Sögufélag Ísfirðinga hyggst hins vegar gefa þær út á bók fyrir jólin.

Fékk að vera í friði

Tolli er fæddur og uppalinn á Akureyri, þar sem hann var eini drengurinn í fimm systkina skara. „Ég á reyndar eldri hálfbróður líka, olíuverkfræðing sem búsettur er í Noregi, en svo á ég þrjár eldri systur og eina yngri. Það var svolítið magnað að alast upp með fjórum systrum – ég er fæddur í hálfgerðu kvennaríki," segir Tolli kíminn. Það er sömuleiðis stutt á milli systkinanna og því auðvelt að gera sér í hugarlund að gengið hafi á ýmsu á æskuheimili hans.

„Elsta systir mín er fædd 1959, hún er dýralæknir á Akureyri og hefur því fetað í fótspor pabba sem starfaði sem héraðsdýralæknir í Eyjafirði og á Akureyri í yfir 40 ár. Næstelsta systir mín er fædd 1962, hún er talmeinafræðingur og býr í Noregi. Sú þriðja er fædd 1964 og starfar sem hjúkrunarfræðingur í Vestmannaeyjum. Svo kem ég, fæddur árið 1966, og svo yngsta systir mín, fædd 1971 og er lögfræðingur á Akureyri í dag," útskýrir Tolli.

Hann segir þær systur í kvennaveldinu þó ekki hafa ráðskast mikið með hann á æskuárum. „Ég var nú eiginlega bara afskiptur, átti mína vini í götunni sem var að byggjast og nóg af krökkum að leika við. Kosturinn var náttúrulega líka sá að ég þurfti lítið að hafa áhyggjur af leikfögnunum mínum, að þau hyrfu eitthvað. Ég fékk að hafa mína bíla og mitt dót í friði, en það var eitthvað erfiðara fyrir stúlknahópinn," segir hann og hlær við.

Alltaf gríðarlega „duglegur"

Faðir Tolla, Ágúst Þorleifsson, starfaði sem héraðsdýralæknir og hafði lækningastofu á heimilinu. „Ég var ekkert á leikskóla, heldur ólst eiginlega bara upp á ferðinni um sveitirnar með pabba. Ég fékk þess vegna svolítið sveitauppeldi, kynntist öllum bústörfum og fékk töluverðan áhuga á þeim," segir Tolli frá. Hann var sömuleiðis töluverður heimaalningur á læknastofunni. „Jájá, ég var farinn að aðstoða við dýralækningastörfin mjög ungur, við aðgerðir og annað. Það voru sjúklingar heima á hverjum einasta degi. Þetta var algjör draumur fyrir krakka og rosa spennandi," segir hann og brosir.

Tolli kveðst hafa íhugað að leggja dýralækningarnar fyrir sig en segist hafa verið mjög óviss um hvað hann vildi gera fram eftir aldri. „Ég var ekkert að plana fram í tímann og hefði nú sjálfsagt verið greindur ofvirkur með athyglisbrest og allan þann pakka, ef það hefði verið gert þá! Ég var alla tíð gríðarlega „duglegur", eins og það var kallað," segir hann kíminn.

„Þegar ég var lítill var ég bara bundinn með kaðli við flaggstöngina heima. Mamma gat náttúrulega ekki sinnt öllum krökkunum í einu og ég var alltaf horfinn – ég var stöðugt týndur. Svo ég var bara tjóðraður við stöngina. Þegar pabbi kom heim úr vitjun byrjaði hann svo á því að losa mig og þá var ég yfirleitt horfinn med det samme," segir Tolli.

Sóttur af ruslaköllunum

Tilhneiging hans til að stinga af og þvælast um bæinn þveran og endilangan hafði sömuleiðis þær afleiðingar að ruslakallar þess tíma hófu túrinn yfirleitt heima hjá Tolla. „Þeir byrjuðu á því að sækja mig þegar þeir fóru af stað! Þeir vildu víst frekar hafa mig uppi í bílnum hjá sér en að ég væri að þvælast í kringum þá í ruslarúntinum, sem var einu sinni í viku. Svo þegar þeir komu var ég bara með þeim allan daginn," útskýrir hann glettinn.

Þeir sem unnu í byggingarvinnu á Akureyri á árunum upp úr sjötíu höfðu svipaðan hátt á. „Það var verið að byggja hverfi í næsta nágrenni við okkar sem var kallað Vestmannaeyjahverfið, þetta voru viðlagasjóðshús fyrir Vestmannaeyingana sem komu norður eftir gos. Ég var nú ekki gamall þá. Ég var yfirleitt sóttur og hafður með nesti í jarðýtunum með köllunum. Þannig þurftu þeir ekki að hafa áhyggjur af mér fyrir aftan vélarnar," segir Tolli.

Á bloggi Tolla, sem ber yfirskriftina Kúlaður steinbítur, er að finna nokkrar frásagnir af æskuárum hans á Akureyri, sem hann segir hafa verið góðan stað að alast upp á fyrir strákpjakk.

„Akureyri var náttúrulega þá eins og Ísafjörður er núna. Þetta var lítill bær, það læsti enginn húsum og allir þekktu alla, þannig séð. Það er það sem ég sé og kann að meta við Ísafjörð núna, það sem er svo heillandi þegar maður er búinn að búa í útlöndum, þar sem það er ekki hægt að skilja eftir íþróttatösku eða poka í bílnum án þess að það sé búið að brjóta rúðuna þegar maður kemur til baka," segir Tolli.

Kunni vel við Svíþjóð

Eftir að hafa lokið stúdentsprófi frá Verkmenntaskólanum á Akureyri fór Tolli suður yfir heiðar og nam líffræði við Háskóla Íslands. Að því loknu hélt hann í framhaldsnám til Gautaborgar í Svíþjóð.

„Ég tók fyrst hálfgerðan master í líffræði og hélt svo áfram í doktorsnám í lífeðlisfræði. Ég bjó þess vegna í Svíþjóð í nokkuð mörg ár á meðan ég var í námi, alveg frá 1993 til 2001," útskýrir Tolli.

Hann segist hafa kunnað afar vel við sig á sænskri grundu og neitar því ekki að það séu kannski nokkur sænsk bein í honum eftir dvölina. „Það er mjög gott að búa í Svíþjóð. Þetta er gott samfélag," segir Tolli. Fjölmargir Íslendingar hafa í gegnum tíðina sótt skóla í Gautaborg, en Tolli kveðst þó ekki hafa verið mjög virkur í íslenska samfélaginu en kynnst mörgu góðu fólki. „Það var virkt Íslendingafélag þarna, sem ég tók nú reyndar ekki mikinn þátt í. Ég spilaði hins vegar alltaf fótbolta með íslensku strákunum, það var mjög gaman," segir hann.

Eftir að heim var komið bjó Tolli í Reykjavík í nokkur ár og starfaði fyrir Íslenska erfðagreiningu. Þá kynntist hann á ný konu sinni, Hrafnhildi Hafberg, sem einnig er Akureyringur og var reyndar með Tolla í bekk í menntaskóla. „Á þeim árum hafði hún engan áhuga á þessum gaur sem gekk um í hermannajakka með mynd af Che Guevara á bakinu, en ég stundaði það á tímabili að teikna slíkar myndir á jakka og annað fyrir félagana," segir Tolli og hlær. Hrafnhildur starfar í dag sem kennari í Menntaskólanum á Ísafirði. Tolli segir það hins vegar hafa verið hálfgerða tilviljun að þau hafi flust til Ísafjarðar.

Slysuðust á Ísafjörð

Árið 2004 réði Tolli sig til Rannsóknarstofnunnar landbúnaðarins. „Ég var að vinna við fóðurfræðirannsóknir hjá þeim, en réði mig svo í framhaldi af því til Matís, þar sem ég fór í ýmsar fiskeldisrannsóknir. Þá voru menn að spá í að setja eitthvað upp á Ísafirði og ég skellti mér bara í það og ákvað að koma hingað vestur," útskýrir Tolli flutningana.

Hann á sjálfur engar ættir að rekja á Ísafjörð eða landshlutans. „Ég er ættaður úr Hrísey og Svarfaðardal í eina ættina, en austan af Héraði í hina ættina. Ég er hálfur Austfirðingur og hálfur Eyfirðingur, en ég hef engin tengsl hingað vestur. Engin skyldmenni mín hafa nokkurn tímann verið hér!," segir hann og hlær við. „Það kom reyndar í ljós að móðuramma Hrafnhildar er fædd og uppalin á Vífilsmýrum í Önundarfirði, svo hún á skyldfólk hér – en það var ekkert sem við hugsuðum um áður en við fluttum," bætir Tolli við.

Þau Hrafnhildur hafa nú búið

á Ísafirði í ein sex ár, og Tolli segir það hafa verið gott að flest öllu leyti. „Þetta er reyndar svolítið afskekkt, en það getur líka verið það sem er svo heillandi. Við höfum líka bæði búið lengi í útlöndum, Hrafnhildur bjó bæði í Bretlandi og Frakklandi, svo við höfum kynnst því að búa fjarri heimahögum," segir Tolli. Þau Hrafnhildur eiga sitt hvorn soninn sem eru miklir bræður og góðir vinir, Hilmi Jökul Þorleifsson, sem er 12 ára og býr í Reykjavík og Ísak Emanúel Róbertsson, 15 ára, sem býr hjá þeim á Ísafirði. „Þeir hafa í rauninni alltaf búið fjarri öfum og ömmum og hafa því kannski fengið svolítið öðruvísi uppeldi að því leytinu til. Þau eru ekki heldur alveg í næsta húsi hérna," segir Tolli.

Vestfirðingar vandamál Vestfjarða

Tolli hefur unnið í ýmsu frá því að hann fluttist til Ísafjarðar. „Ég hef að mestu leyti verið í fiskeldisrannsóknum, en hef unnið í öðru því tengdu líka. Ég er til dæmis stjórnarformaður Náttúrustofu Vestfjarða og hef unnið í ýmsum rannsóknum fyrir Náttúrustofuna síðastliðin ár. Það hafa verið alls kyns umhverfisrannsóknir og ýmislegt sem hefur tengst fiskeldinu, umhverfisáhrif fiskeldis til dæmis," útskýrir Tolli.

Hann er mjög fylgjandi því að slíkt starf á Vestfjörðum sé byggt á vestfirskum forsendum. „Ég hef alltaf haft það að mottó að ég vil byggja það upp á vestfirskum grunni – að það sé ekki alltaf verið að leita suður eftir sérfræðiaðstoð, þegar þekkinguna er að finna hér. Ég og Dr. Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður Náttúrustofunnar, höfum verið samtaka í því. Við teljum báðir að þetta skipti gríðarlega miklu máli og höfum reynt eftir okkar bestu getu að hafa þetta þannig í okkar starfi. Reyndar er gaman að segja frá því að við erum nafnar, báðir líffræðingar menntaðir í Svíþjóð og þegar betur var að gáð kom í ljós að við erum ættaðir úr sömu sveit á Berufjarðarströndinni, aðeins þrír bæir á milli. Svona er Ísland lítið.

Því miður eimir nefnilega enn eftir af því að það þurfi alltaf að fá sérfræðiálit að sunnan. Vestfirðingar eru svolítið svag fyrir því, og hafa stundum fulllitla trú á sjálfum sér. Ég hef stundum sagt að vandamál Vestfjarðanna séu Vestfirðingar sjálfir, þeir þurfi að koma sér upp úr hjólförunum og halda áfram," segir Tolli.

Mikilvægt að nota sérkennin

Hann segir þau viðhorf þó vera að breytast til batnaðar. „Með tilkomu stofnana eins og Háskólaseturs Vestfjarða sem heldur úti haf- og strandsvæðastjórnunarnáminu er komið alveg tilvalið tækifæri til að byggja þetta enn frekar upp. Ég hef líka verið þeirrar skoðunar frá upphafi að það þurfi að taka uppbyggingu Háskólasetursins og námsins föstum tökum og byggja það ekki eingöngu á aðkomukennurum. Það þarf auðvitað að gera það oft og tíðum vegna skorts á kennurum, en það má líka tengja námið verkefnum sem eru sérvestfirsk og við hjá Náttúrustofunni höfum tekið virkan þátt í að leiðbeina nemum frá Háskólasetrinu. Þannig er hægt að komast hjá því að þetta verði bara einhver námstúrismi – fólk komi hingað í nám eingöngu af því að það vill prófa að vera hér í einhvern tíma. Það verða að vera sterkari forsendur fyrir því, sem byggjast á því sem gerir þetta svæði svo sérkennilegt og sérstakt," segir Tolli.

Hann segir Vestfirði hafa mikla sérstöðu sem geti gagnast í þessum efnum. „Það er staðreynd að Vestfirðir eru um margt mjög sérstakir. Fjölbreytileiki náttúrunnar og sjálft aðgengið að henni er með ólíkindum hérna fyrir vestan. Vestfirðir eru tilvalin náttúruleg rannsóknarstofa að því leytinu til. Og fólk er að átta sig á því, þetta er allt að koma. Fyrirtæki að sunnan hafa verið dugleg að setja hér upp útibú, sem er bara til góðs. Þá er líka um að gera fyrir vestfirska aðila að reyna að ná sem mestu út úr því starfi," segir Tolli.

Hreinar vörur

Fyrir tveimur árum stofnaði Tolli fyrirtækið Murr ehf. sem framleiðir dýrafóður, fyrir hunda og ketti. Fyrirtækið leggur áherslu á að gera gæðavöru úr góðum hráefnum og notar til að mynda eingöngu kjöt og kjötafurðir sem hæfar eru til manneldis til framleiðslunnar.

„Við flytjum nánast allt hráefnið hingað vestur, því það eru engin sláturhús eftir á Vestfjörðum," útskýrir Tolli. „Við notum líka eingöngu kjötefni í fóðrið. Við framleiðum fóður fyrir hunda og ketti enda eru þeir rándýr. Kettir eru meira að segja sérhæfðustu rándýr á jörðinni. Þetta eru kjötætur og þess vegna á ekki að gefa þeim neitt annað en kjöt. Við notum þannig hráefni og setjum það saman eftir kúnstarinnar reglum. Öll næringarefni

koma beint úr hráefninu, það eru engin viðbætt bætiefni eða annað slíkt í okkar fóðri,“ segir Tolli.

Þar hefur Murr mikla sérstöðu. Fóðrið er að mestu leyti í samkeppni við influtta vöru, sem Tolli segir mjög misjafnar að gæðum. „Það er oft líka erfitt að átta sig á því hvað þær innihalda, fólk hefur enga hugmynd um hvað er í fóðrinu.“

Mikil rannsóknarvinna

Að baki vörunum frá Murr liggur gríðarlegt rannsóknarstarf. „Það er mikil vinna á bak við þetta. Bragi Líndal Ólafsson, eða Bragi af búinu eins og hann var kallaður áður fyrr, sem hefur verið með mér í þessu frá upphafi, er doktor í fóðurfræði og langfremsti fóðurfræðingur landsins,“ segir Tolli. Þeir hafa náttúrulegt fæði hunda og katta að leiðarljósi í vinnslu Murr-varanna.

„Náttúran kennir okkur til dæmis að það er ekki gott eða ráðlegt að gefa köttum fisk. Hrár fiskur inniheldur ákveðið ensím sem veldur niðurbroti á B vítamínum og því eðlilega mjög slæm áhrif á ketti. Þeim er því mjög óeðlilegt að borða fisk og engin þekkt kattartegund hefur nokkurn tíma lifað á fiski. Með því að sjóða fiskinn er ensímið eyðilagt, en það þekkja það hins vegar allir kattaeigendur, og hundaeigendur líka, að ef dýrin borða fisk geta þau fengið mikið hárlos,“ útskýrir Tolli, og bendir enn frekar á að grænmeti sé með öllu óeðlileg fæða fyrir bæði ketti og hunda. „Það er þekkt að að grænmetisætur telji að það sé afskaplega hollt og vilji gjarnan að dýrin séu á sama kosti og þær, en það er misskilningur.“

„Kettir þola kolvetni í rauninni mjög illa og hafa ekkert við það að gera. Þeirra náttúrulega fæða byggist bara á prótíni. Kolvetni getur verið þeim skaðlegt. Í þurrfóðri er hins vegar notað mikið magn af kolvetnum til að binda matinn og það er því alls ekki gott fyrir ketti. Það er líka búið til úr kjötmöli eða fiskimjöli sem er hitameðhöndlað. Það er líka mikilvægt að fólk viti að allt þurrfóður á Íslandi er innflutt, þó að ákveðin tegund þess gangi undir nafninu Iceland pet,“ bætir hann við.

Tolli ítrekar sömuleiðis að þó að dýrin borði hitt og þetta sé ekki þar með sagt að það sé þeim hollt, svipað og með mannfólkið sjálft. „Það má segja að hundar séu kjötætur sem eru örlítið farnar að laga sig að fjölbreyttara fæði. Það er hins vegar langt frá því að þeir séu alætur, eins og fólk virðist stundum halda. Þeim finnst voðalega gott þegar það er verið að henda í þá pizzuskorpum og öðrum afgöngum, enda eru þeir með svolitla sæta tönn eins og við, en það er mjög óhollt fyrir þá,“ útskýrir Tolli.

Murr ehf. var valið eitt af áhugaverðustu nýsköpunarfyrirtækjum á sviði matvælaframleiðslu á Íslandi á dögunum. Það hefur þegar sett á markað fóður fyrir ketti, Murr, fóður fyrir smáhunda, Urr, en nú eru væntanlegar á markað ýmsar línur í hundasælgæti og sömuleiðis fóður fyrir stærri hunda.

Bloggar um Bragakaffi

Tolli hefur haldið úti ofannefndu bloggi sínu síðustu ár og birtir þar, sem áður segir, ýmsar sögur af körlunum sem stunda Bragakaffi - en svo er kaffistofan í Vélsmiðju Ísafjarðar kölluð, þar sem Bragi nokkur Magnússon ræður ríkjum. Sögurnar sem Tolli birtir á bloggi sínu eru af ýmsum uppátækjum fastakúnna kaffistofunnar, svo sem þeirra Óla á Gjögri, Maggútar og auðvitað Braga sjálfs. Þar má fræðast um ástæður þess að Óli frá Gjögri veiðir aldrei neitt fyrir hádegi, um tískuklippingar, nautabana, frumraunir í smygli og fjöldamargt annað.

„Þetta blogg er nú bara svona í gríni gert,“ segir Tolli. „Bloggin um kaffistofukarlana komu eiginlega þannig til að ég var búinn að koma þangað nokkrum sinnum í kaffi og hafði mjög gaman af þeim. Þeir voru að segja sögur sem mér fannst að þyrfti að koma niður á blað, svo þær gleymdust ekki. Þessir kallar eru að verða eins og hvítir hrafnar, svona sérvitringum fer fækkandi. Það er um að gera að halda þessu til haga,“ segir Tolli.

Hann hefur safnað og birt hátt í fimmtíu sögur af uppátækjum þeirra á blogginu og vakið athygli margra – þar á meðal Sögufélags Ísfirðinga sem mun gefa þær út á bók nú fyrir jólin. Það er þó ekki þar með sagt að allt það sem fer mönnum á milli á kaffistofunni rati á veraldarvefinn. „Það er náttúrulega ógrynni af sögum sem rata aldrei inn á bloggið. Ég pikka það út sem mér finnst skemmtilegt og ég er viss um að særi engan, maður verður að passa sig á því. En þeir hafa óskaplega gaman af þessu og slást núna um að segja mér sögur,“ segir hann.

Kenjóttir karlar

Sögur Tolla eru afar lipurlega skrifaðar, eins og lesendur bloggsins vita. Aðspurður hvort hann hafi áður spreytt sig á slíkum skrifum segir Tolli svo ekki vera. „Ekkert af þessu tagi. Ég skrifa reyndar mikið vinnu minnar vegna, í rannsóknunum og öðru slíku. Það hefur alltaf legið ágætlega fyrir mér að skrifa, ég hef aldrei átt í neinum vandræðum með það. Ég hef nú samt bara verið að dólast aðeins í þessu, en það er aldrei að vita nema það komi eitthvað meira,“ segir hann.

Kaffistofukarlarnir sjálfir eru sömuleiðis ansi ánægðir með uppátækið. „Þeim finnst þetta spennandi, held ég. Um daginn var verið að taka einhverjar myndir sem hann Ómar Smári Kristinsson, sem mun myndskreyta bókina, ætlar að nota sér til stuðnings. Það voru nú ægilegir stælar einhverjir í þeim fyrst og þeir létu eins og þeim þætti ekkert í þetta varið. En svo höfðu þeir nú voðalega gaman af þessu, held ég. Þetta eru kenjóttir kallar,“ segir Tolli og glottir.

Smitaðist af golfi

Í frístundum sínum nýtur Tolli þess besta sem Ísafjörður og nágrenni hafa upp á að bjóða. Hann hefur sömuleiðis smitast af golfbakteríunni, enda ekki seinna vænna að hans sögn. „Það er algjör lúxus að geta labbað inn á golfvöll og spilað golf þegar mann langar til, án þess að þurfa að panta tíma með margra daga fyrirvara. Ég er orðinn alveg forfallinn í þessu. Ég spilaði mikið í hitteðfyrra, en svo ekkert í fyrra. Svona er ég skrýtinn. Í sumar kikkaði þetta svo inn seint. Ég fór fyrsta túrinn í ágúst og spilaði svo alveg fram í nóvember, ég held ég hafi farið síðasta hringinn daginn áður en það fór að snjóa,“ segir hann brosandi.

„Þetta er óskaplega gott og skemmtilegt sport. Á sínum tíma, þegar ég hefði átt að byrja, var ég bara á kafi í fótbolta og handbolta og hafði engan tíma fyrir golf, mér fannst það bara sport fyrir gamlingja. En svo áttar maður sig á því þegar maður byrjar svona helst til seint að maður er helst til stífur og slakur í þessu, sko, þá sér maður eftir því að hafa ekki byrjað fyrr,“ segir Tolli og hlær við. „Ég hef verið að spila svolítið með körlunum þarna upp frá og ég sé að ég fer að ná árangri áður en ég kemst á seinni hluta æviskeiðisins, sko. Hæfileikarnir eru til staðar, þeir eru gríðarlegir,“ bætir hann við.

Hann er að sama skapi mikið fyrir útivist. „Ég var til dæmis á rjúpu um daginn, fór upp um fjöll og firnindi. Þá veiðir maður bara í jólamatinn og ekkert meira en það. Það er alveg sorglegt með þessa menn sem veiða og veiða og selja svo jafnvel. Sem virða það ekki að veiða bara í matinn. Ég held að það sé nú meira um það fyrir norðan en hér, en maður heyrir samt sögur,“ segir Tolli, sem segir veiðarnar vera tilvalda útiveru.

„Þetta er það holl og góð útivera að ég var gjörsamlega lurkum laminn eftir helgina. Hollustan var slík að ég hélt ég myndi drepast á leiðinni aftur í bílinn. Hún getur verið hættuleg,“ segir hann að lokum.

Bókin um kaffistofukarlana er sem áður segir væntanleg fyrir jól og mun fást í Bókhlöðunni á Ísafirði. Hér birtist ein af þeim fjöldamörgu sem vekið hafa lukku á blogginu, sem er að finna á slóðinni tolliagustar.blog.is.

Af bloggi Tolla:

Yxna kýr í Árneshreppi fórnar lífinu fyrir ástina!

Ekki er víst að Óli frá Gjögri samþykki staðhæfingu titilsins. En við Bragi teljum að öll rök bendi til þess. Og sagan er þessi:

Í þá daga var sláturhús í Árneshreppi. Og þaðan var Óli á leið - ekki eftir slátrun heldur dyttaði hann að vélbúnaði þegar þessi mikla örlagasaga átti sér stað. En Óli þótti lipur við skiptilyklasettið og skvísurnar. Brilljantíngreiddur í leðurjakka - með sígarettu í munnviki ók Óli um á Ford Cortina. Hann var töffari - stælgæi á Ströndum - brunaði um á Cortínu - flottasti gaurinn.

Á sama tíma og Óli ekur heim á leið fer yxna kýr um sveitina með látum - hvorki helsi né girðingar komu í veg fyrir kall náttúrunnar og kusa skyldi bola finna - sama hverju sætti. Og svo gerist það að í vit hennar berst angan Óla - Kölnarvötn og hormón - karlmennskuilmur einhleyps manns sem heillað hafði margar stúlkurnar á böllunum fyrir Vestan - svo mjög að þær runnu til í sætum og kiknuðu í hnjám.

Í það minnsta kjósum við kaffistofugestir að túlka þetta svona. Og það hlýtur að vera rétt. Garðar kímir - Bragi kinkar kolli.

Og kusan klikkast þegar hún sér Cortínuna koma blússandi - tekur á rás með helsi um hálsinn og bóndann úti í buskanum óafvitandi af fyrirhuguðum ástarfundi. Og Óla rekur í rogastans - og Cortínan nauðhemlar. Ástarfundurinn verður dramatískur í meira lagi - svo dramatískur að beljan datt niður dauð. Steindauð.

Og eftir sat Óli í bílstjórasætinu - orðinn fyrsti nautabaninn í Árneshreppi!

Ónáttúran varð beljunni að bana.

– Sunna Dís Másdóttir.

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi auglýsir eftir umsóknum

Átaksverkefni

Lögð er áhersla á stutt og hnitmiðuð verkefni sem geta skapað mikil verðmæti á stuttum tíma.
Verkefni sem eru til 12-18 mánaða munu að öllu jöfnu njóta forgangs
Sjóðurinn er opinn fyrir öllum hugmyndum sem auka verðmæti sjávarfangs.

AVS sjóðurinn er tilbúinn til að greiða allt að 50% af kostnaði átaksverkefna, en hámarksstyrkir eru 6-8 m.kr.

Framhaldsverkefni

Með stuðningi AVS sjóðsins eru allmörg 2-3 ára verkefni í gangi og mun sjóðurinn styðja þau áfram ef framvinda rannsókna er í samræmi við fyrirheit og kröfur sjóðsins.

Nánari upplýsingar og leiðbeiningar fyrir umsækjendur ásamt eyðublaði er að finna á www.avs.is

Nýtt hjá AVS

Atvinnuþróun og nýsköpun í sjávarbyggð

Þetta er nýr flokkur umsókna þar sem lögð er áhersla á verkefni sem skapað geta ný störf og verðmæti í sjávarbyggðum landsins.
Um er að ræða stutt verkefni sem tengjast t.d. ferðaþjónustu, framboði á sjávarfangi, nýjum vörum eða þjónustu.
Hámarkstími verkefna er 12 mánuðir og skal skila afrakstursskýrslu til sjóðsins við lok verkefnisins.
Hámarksupphæð styrkja er 3 m.kr. og er miðað við að hlutfall styrks af heildarkostnaði verkefnisins verði ekki hærra en 50%.

Skilafrestur allra umsókna er til þriðjudagsins 1. febrúar 2011 fyrir kl. 17:00

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi starfar á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og veitir styrki til rannsókna- og þróunarverkefna sem auka verðmæti sjávarfangs.

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi • Pósthólf 1188 • 121 Reykjavík • Sími 422-5102 • www.avs.is

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi

Gjaldþrotamálum fjölgar um helming

Héraðsdómur Vestfjarða tók í síðustu viku fyrir fimm gjaldþrotamál, fjögur vegna fyrirtækja og eitt vegna einstaklings. Í þessari viku eru fjögur gjaldþrotamál á dagskrá dómsins, þar af þrjú vegna fyrirtækja. Það sem af er ári hafa 46 gjaldþrotamál verið tekin fyrir í Héraðsdómi Vestfjarða en á síðasta ári voru þau samtals 32. Miðað við dagskrá Héraðsdóms fram til áramóta má reikna með að heildarfjöldi gjaldþrotamála verði 51 á yfirstandandi ári sem er ríflega helmingsaukning frá árinu áður.

Árið 2009 voru gjaldþrotamál hins vegar óvenju fá miðað við síðastliðinn áratug. Flest gjaldþrot voru tekin fyrir hjá dómnum árið 2003 eða 69 mál og árið 2002 voru þau 61 talsins. Árið 2008 voru málin 47 og 34 árið 2007. Á landinu öllu hefur gjaldþrotaskiptabeiðnum hjá héraðsdómstólunum fjölgað ört síðastliðin fjögur ár. Í fyrra afgreiddu dómstólarnir samtals 2.508 beiðnir, árið 2008 voru þær 2.240, árið 2007 voru þær 1.864 og árið 2006 voru þær 1.708. Á síðastliðnum áratug voru gjaldþrotamálin flest árið 2003 þegar þau voru 2.680.



Óska eftir heimild til nauðasamninga

Stjórn Eyrarodda hf. á Flateyri lagði í síðustu viku fram beiðni um heimild til nauðasamninga við kröfuhafa. „Við gerum okkur vonir um að sú heimild fáist og ef sú verður raunin munum við í framhaldinu reyna að ganga formlega til samninga við okkar kröfuhafa,“ segir Teitur Björn Einarsson, stjórnarformaður Eyrarodda. Hann bætir við að málið sé nú í höndum dómara og við taki lögbundið ferli nauðasamninga. Vonir standa þó til að niðurstaða fáist fljótlega. Greiðslustöðvun sem félagið hefur verið í frá því í maí rann út um þar síðustu helgi.

Eins og kunnugt er sagði Eyraroddi upp öllu starfsfólki sínu, 42 starfsmönnum, fyrir síðustu mánaðamót vegna rekstrarerfiðleika, einkum vegna erfiðleika við að afla hráefnis. Ef heimildin fæst og samningar takast gera áætlanir fyrirtækisins ráð fyrir því að hægt verði að draga til baka uppsagnir starfsfólks.

Þrátt fyrir erfiðleikana hefur vinnsla verið í húsinu og er stefnan að reyna halda rekstrinum gangandi eins og unnt er. „Okkar afstaða hefur frá upphafi verið sú að reyna hvað við getum til að hafa reksturinn í fullum gangi og við erum að vinna að því með öllum ráðum, þannig hefur verið frá upphafi,“ segir Teitur.

Í síðustu viku landaði fiskiskipið Stormur í fyrsta sinn á Flateyri en vonir standa til að framhald verði á því. „Við erum að sjá hvort þetta fyrirkomulag gangi. Það er alltaf þannig að ef mönnum hugnast að vinna saman þá gera þeir það, en það kemur aldeilis vel til greina,“ segir Teitur.

– thelma@bb.is

Reglur um bæjarlistamann

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur lagt til að bæjarstjórn samþykki reglur um tilnefningu bæjarlistamanns Ísafjarðarbæjar. Reglurnar kveða m.a. á um að bæjarlistamaður verði útnefndur á hverju ári og nafnbótinni fylgi styrkur í samræmi. Auglýst verði eftir tilnefningum og skal skila inn umsóknum fyrir 1. október ár hvert, og valið verði kynnt á Veturnóttum. Listamenn verða að hafa búið í Ísafjarðarbæ um tveggja ára skeið til að eiga rétt á að hljóta nafnbótina. Við valið verður tekið mið af viðurkenningum sem umsækjandi haefur hlotnast og útbreiðslu verka hans auk þess sem litið er til þess hverjir teljast efnilegir á sínu sviði.

Bæjarráð getur óskað eftir að listamaðurinn leyfi íbúm bæjarins að njóta listar sinnar a.m.k. einu sinni á því ári sem hann ber nafnbótina. Í lok ársins skal listamaðurinn gera bæjarráði stuttlega grein fyrir því á hvern hátt íbúar Ísafjarðarbæjar hafa notið listar hans á árinu.

Þá er mælst til þess að bæjarlistamaðurinn láti nafnbótina koma fram sem víðast og mun sveitarfélagið útbúa tengil á heimasíðu sína þar sem listamaðurinn og verk hans eru kynnt.

– kte@bb.is

Undirbúa starfsemi á athafnarsvæði Ásels



Eyrarsteypa ehf., á Ísafirði tók nýlega húsnæði Ásels á Suðurtanga á leigu af Byggðastofnun og að sögn Sævars Óla Hjörvarssonar, framkvæmdastjóra Eyrarsteypu, er nú unnið að því að gera húsnæðið klárt fyrir starfsemina. „Einhver vinna mun fara þarna fram í vetur en starfsemin fer ekki á fullt fyrr en næsta sumar,“ segir Sævar. Húsnæði Ásels var auglýst til sölu á sínum tíma en engin viðunandi tilboð bárust og ákvað Byggðastofnun því að gera leigusamning um eignina. Ásel var framleiðslu- og þjónustufyrirtæki fyrir garða, götur, gangstéttir og alla almenna verktaka hvað varðar stein og múr. Fyrirtækið framleiddi hellur, steina og steypu. Ásel var stofnað árið 2000 og voru sex starfsmenn hjá fyrirtækinu er það var tekið til gjaldþrotaskipta á síðasta ári.

Ljósin kveikt á jólatrjám

Ljósin á jólatrjám Ísafjarðarbæjar verða tendruð dagana 4., 5., 11. og 12. desember. Á Ísafirði verða ljósin kveikt klukkan 16 laugardaginn 4. desember. Sólahring síðar eða klukkan 16 sunnudaginn 5. desember verða þau kveikt á Flateyri, klukkan 15 laugardaginn 11. desember á Suðureyri og að lokum klukkan 16 sunnudaginn 12. desember á Þingeyri. Jólasveinar Grýlusynir hafa alltaf verið miklir aðdáendur þessara viðburða og má fastlega gera ráð fyrir því að þeir láti sjá sig þegar ljósin verða kveikt í ár.

Reyklausir grunnskólar

Allir grunnskólar Ísafjarðarbæjar eru reyklausir að því er kom fram á fundi forvarnarfulltrúa Ísafjarðarbæjar með skólastjórum skólanna í síðustu viku. Um er að ræða rúmlega 500 nemendur og segir Margrét Halldórsdóttir forvarnarfulltrúi þetta vera mjög góðan árangur. „Forvarnir byrja auðvitað heima en margir aðrir þurfa að styðja við foreldrana í þessu uppeldishlutverki s.s. skólar, íþrótta- og æskulýðsfélög og samfélagið sem barnið/unglingurinn býr í,“ segir Margrét. Í lok síðasta árs var greint frá því að reykingar hafi stigminnkað innan grunnskólanna undanfarin ár.

Sigurður endurkjörinn



Sigurður Ólafsson var endurkjörinn formaður Krabbameinsfélagsins Sigurvonar á norðanverðum Vestfjörðum á aðalfundi félagsins á dögunum. Einnig voru kjörin í stjórn Guðfinna Sigurjónsdóttir sem gjaldkeri, Oddný Birgisdóttir sem ritari, Auður H. Ólafsdóttir og Heiðrún Björnsdóttir sem meðstjórnendur og Helena Hrund Jónsdóttir og Jóhanna Ása Einarsdóttir sem varamenn. Góð mæting var á fundinn sem þótti takast vel að því er fram kemur á vef Sigurvonar. Að loknum aðalfundarstörfum var kaffi í boði Vina í Von og Sparisjóðs Vestfirðinga.

Danssýning yngstu barnanna

Mikið verður um að vera á aðventunni hjá nemendum Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar. Föstudaginn 10. desember verður sýning dansnemenda kl. 17. Sýningin heitir Tíndur jólaálfur og er gerð með yngstu börnin í huga. Þá verða tónleikar söngnemenda mánudaginn 13. desember kl. 20. Tónleikar gítar- og trommunemenda verða þriðjudaginn 14. desember kl. 20 og tónleikar píanónemenda verða miðvikudaginn 15. desember kl. 20.

Ísfirðingar fljúga 3,7 sinnum á ári

Meirihluti landsmanna er á móti því að flytja flugstarfsemi úr Vatnsmýrinni samkvæmt könnun á ferðavenjum sumarið 2010 sem unnin var fyrir samgönguyfirvöld og hefur andstaðan heldur minnkað frá síðustu könnun. Engir af kostunum sem hafa verið í umræðunni um nýja miðstöð innanlandsflugs fær afgerandi stuðning. Mikill meirihluti svarenda í landsbyggðakörnum eða yfir 80% vill halda flugvellinum á sama stað. Um helmingur íbúa höfuðborgarsvæðisins eru sama sinnis og 44% svarenda í jaðarbyggðum. Um 45% Reykvíkinga vilja flugvöll á sama stað, 28% vilja hann burt og 28% eru hlutlaus eða hafa ekki gert upp hug sinn. 29% svarenda á höfuðborgarsvæðinu og 28% Reykvíkinga vilja flugvöllinn burt úr Vatnsmýri, 27% svarenda í jaðarbyggðum en aðeins 9% svarenda í landsbyggðakjörnum.

Frá Ísafjarðarflugvelli.

Um 70% svarenda fljúga á eigin vegum samkvæmt könnuninni og um tveir þriðju segjast nú fljúga álíka oft og fyrir fjórum árum. Meðalfjöldi flugferða innanlands á ári er tvær flugferðir, 0,9 ferðir hjá svarendum á höfuðborgarsvæði og 4,2 hjá svarendum í landsbyggðakjörnum. Fólk hefur minna ráðstöfunarfé og vill því gjarnan sjá lægri flugfargjöld. Um tveir þriðji hluti svarenda segist nú fljúga álíka oft innanlands og fyrir fjórum árum.

Mikill munur er milli félagshópa og búsetu. Karlar fljúga mun oftar en konur en ekki er mikill munur milli aldurshópa. Aftur á móti er mikill munur eftir búsetu. Þannig fljúga svarendur í landsbyggðakjörnum að meðaltali 4,2 ferðir, íbúar á höfuðborgarsvæðinu 0,9 sinnum og í jaðarbyggðum 0,6 ferðir að meðaltali. Ísfirðingar fljúga að meðaltali 3,7 sinnum á ári, Akureyringar 5,2 sinnum og Egilsstaðabúar 3,9 sinnum. Meðalfjöldi flugferða eykst með hærri tekjum og meiri menntun.

Töluvert hefur dregið úr notkun innanlandsflugs við efnahagshrunið miðað við þenslutímann 2005 til 2007. Samkvæmt gögnum ISAVIA um fjölda flugfarþega hefur þeim fækkaði um fimmtung frá 2007. Einnig dró mikið úr flugi til útlanda 2008 - 2009 samkvæmt gögnum ISAVIA en um 13% aukning var janúar – september 2010 frá sama tíma 2009. Um 37% svarenda í landsbyggðakjörnum sögðust oft eða alltaf nota innanlandsflug á leið til útlanda, 10% % sjaldan og 54% mjög sjaldan eða aldrei. Um 56% svarenda á Egilsstöðum sögðust alltaf eða mjög oft nota innanlandsflug á leið til útlanda, mun oftar en svarendur á Ísafirði og Akureyri. *– thelma@bb.is*

Fullveldi Íslands

Stakkur skrifar

Í gær voru liðin 92 ár frá því Ísland hlaut fullveldi og Íslendingar tóku yfir stjórn sinna mála. Fullveldisdagurinn 1. desember 1918 var haldinn hátíðlegur í skugga spönsku veikinnar og Kötlugoss. Margir áttu um sárt að binda, en Íslendingar fögnuðu því að ráða málum sínum sjálfir eftir erlenda stjórn frá 1262. Íslendingar gengu þá Noregskonungi á hönd og var stýrt af þeim eða dönskum konungum þar til fullveldi náðist. Danakonungur var reyndar þjóðhöfðingi til 17. júní 1944. Heimsstyrjöldinni sem stóð frá 1914 til 1918 hafði lokið rétt áður og þá höfðu Íslendingar leitað viðskipta við Bandaríkin sem áttu eftir að vaxa síðar sem og tengslin vestur. Næstu ár voru að mörgu leyti viðburðarík. Áfram var haldið á þeirri braut sem hófst með heimastjórn 14 árum fyrr og bráðnauðsynlegum framkvæmdum við samgöngubætur var haldið áfram. En alheimskreppan sem hófst 1929 með hruninu á verðbréfamarkaðinum í New York setti mark sitt á stjórnarfar og efnahag Íslands fram að síðara heimsstríði er hófst 1. september 1939. Þá hófst uppsveifla á Íslandi, en ekki án fórna.

Litlu miðaði til framfara á Íslandi á kreppuárunum, þó gerðist alltaf eitthvað, en samt var eins og kjarkinn skorti. Skortur á fé var þröskuldur framfara. Utanríkismál og landhelgisgæsla voru í höndum Dana þrátt fyrir fullveldið. Um það má auðvitað deila hvort fullveldið hafi verið fullt veldi Íslands miðað við þennan hátt mála. En víst er að á fullveldistímanum var stefnt að því að stofna lýðveldi á Íslandi og slíta konungssambandi við Danmörku. Það er athyglisvert að velta fyrir sér fullveldishugtakinu þegar umsókn Íslands að Evrópusambandinu er til meðferðar. Er það fullveldi þegar ríki fer ekki með öll sín mál sjálft, líkt og gilti um Ísland árin 1918 til 1944? Er það afsal fullveldis að vera í Evrópusambandinu og lúta þeim sameiginlegu lögum og reglum sem um það gilda? Er einfalt að svara slíkri spurningu? Nei, tæpast er það svo.

Að fleiru þarf að hyggja eins og því hver staða smáríkis verður í heimi þar sem nokkur stór ríki eða ríkjasambönd virðast vera framtíðarsýn. Sagan segir okkur það að allt er í heiminum hverfult. Allar líkur eru á því að Asíuríkin, einkum Kína og Indland muni láta æ meira til sín taka í heimsmálum. Þá standa Íslendingar frammi fyrir því að ákveða hvar þeir vilja vera í flokki, með Evrópu, Norður Ameríku eða velja sér önnur ríki til bandalags. Vert er að muna að fullveldið 1918 var mjög mikilvægur áfangi í baráttu Íslendinga fyrir því að þjóðin réði sér sjálf. Enginn er eyland. Allir þurfa að eiga sér vini í völtum heimi. Mestu deilumál síðustu aldar voru um samband Íslands og Bandaríkjanna, sem áttu rétt til herstöðvar á Íslandi. Um það hefur margt verið skrifað. En fullveldi var ekki afsalað. Það er afar mikilvægt að muna baráttu þeirra sem vildu Ísland sjálfstætt ríki og lögðu allt í sölurnar fyrir þann málstað. Fullveldið er dýrmætt.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

smáar

Til leigu er íbúð á besta stað í miðbæ Ísafjarðar. Stutt í alla þjónustu. Íbúðin er á 2. hæð um 120m², fjögur herbergi auk borðstofu og þvottaherbergis. Uppl. í síma 697 4700.

Til sölu eru E-sígarettur. Uppl. í síma 862 3815 eða 868 0719.

Óska eftir einbýlishúsi eða raðhúsi til leigu. Langtímaleiga. Lágmark 4 svefn.herb. Skilvísar greiðslur. (Ábyrgð). Uppl. gefur María í síma 866 6387.

Til sölu er eldhúsborð og sex stólar og eldri gerðin af Toyota RAV. Upplýsingar gefur Sveinbjörg í síma 849 2341.

Það er ódýrara að vera á áskrift!

Gerist áskrifendur í síma 456 4560.

Frá hátíðinni í vor. Það er hljómsveitin Reykjavík! sem er á sviðinu.

Aldrei fór ég suður er mikil lyftistöng

Tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður sem haldin er árlega á Ísafirði hefur jákvæð áhrif á samfélagið, jafnt félagslega sem efnahagslega. Þetta er niðurstaða rannsóknar sem Hera Brá Gunnarsdóttir gerði fyrir Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar á áhrifum hátíðarinnar á samfélagið og alþjóðlega ímynd bæjarins. Við rannsóknina ræddi Hera við yfir 40 einstaklinga sem tengjast hátíðinni á beinan og óbeinan hátt. Þeir heimamenn sem hún talaði við nefndu m.a. að gaman væri að hafa til einhvers að hlakka yfir vetrarmánuðina og að hátíðin veitti fólki samkennd þar sem fólk kemur saman og skemmtir sér. Þá hafi ímynd Ísafjarðarbæjar breyst. Bærinn hafi endurnýjað stimpil sinn sem tónlistarbær og fólk tengi Ísafjörð við hátíðina.

„Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur ekki nýtt sér jákvæð efnahagsleg áhrif sem af hátíðinni leiðir og virðist ekki gera sér grein fyrir hve mikið hún gerir fyrir bæjarfélagið.“

Hera ræddi líka við fjölda erlendra gesta og blaðamanna sem sögðu hátíðina vera náttúrulega, óheflaða og að sérstætt landslag gæfi henni einstakt andrúmsloft.

Í ritgerðinni kemur fram að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hafi ekki nýtt sér jákvæð efnahagsleg áhrif sem af hátíðinni leiðir og virðist ekki gera sér grein fyrir hve mikið hún geri fyrir bæjarfélagið. Þannig eru engar upplýsingar til um fjölda fólks sem sækir hátíðina né hversu mikla veltu hún skapi fyrir fyrirtæki á svæðinu. Hera fór því óhefðbundna leið til að áætla áhrif hátíðarinnar á verslun í bæjarfélaginu. Hún leitaði til Áfengis og tóbaksverslunar ríkisins og fékk yfirlit yfir fjölda seldra áfengislítra vikuna fyrir páska á árabilinu 2002-2009. Niðurstöðurnar sýna að sala áfengis jókst um 5.800 lítra á tímabilinu, sem er um 65% aukning.

Segir Hera í niðurlagi ritgerðar sinnar að fróðlegt væri að kortleggja nánar efnahagslegan ávinning af Aldrei fór ég suður og hvetur hún bæjarfélagið að styrkja vel við hátíðina. *– kte@bb.is*

89 milljónir í tekjur vegna útgreiðslu séreignarsparnaðar

Á fyrstu ellefu mánuðum ársins hafa verið greiddar út 712 milljónir króna af séreignasparnaði í sveitarfélögunum á Vestfjörðum. Útsvarstekjur sveitarfélaganna af þessum greiðslum nema tæplega 89 milljónum króna auk þess hafa um 5,5 milljónir runnið til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þetta kemur fram í tölum frá Hag- og upplýsingasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í Ísafjarðarbæ námu útgreiðslurnar 155 milljónum króna og af þeim fékk sveitarfélagið 19,5 milljónir í útsvarstekjur.

Greiðslurnar voru tæpar 22 milljónir í Bolungarvík og tekjurnar um 2,9 milljónir en útsvarsprósentan í Bolungarvík er 0,66 prósentustigum hærri en hjá öðrum sveitarfélögum. Tæplega 30 milljónir hafa verið greiddar út í Vesturbyggð og tekjur sveitarfélagsins þar rúmar 3,7 milljónir króna.

Kostir Suðureyrar við uppbyggingu ferðamennsku skoðaðir

Mikilvægt er að verkefni á Suðureyri hafi ímyndina um sjálfbært sjávarþorp að leiðarljósi. Þetta kemur fram í úttekt sem Bjarki Gunnar Halldórsson arkitekt hefur gert á styrkleikum og möguleikum Suðureyrar við Súgandafjörð. Samantektin er liður í samstarfsverkefni Ferðamálastofu og Sjávarþorpsins Suðureyrar, en Bjarki fór í vettvangsferð til þorpsins í haust. Markmiðið var að kanna kosti Suðureyrar með uppbyggingu ferðamennsku að leiðarljósi og átta sig á menningarheild þorpsins sem gæti komið að notum í frekari uppbyggingu ferðamennsku. Samantektin er um þessar myndir í kynningu meðal áhugamanna um uppbyggingu ferðamannastaðarins Suðureyrar. Liggur hún frammi á kaffistofum fyrirtækja í þorpinu. Í formála á úttektinni segir: „Þegar lagt var af stað í ferðalag til Suðureyrar var eftirvæntingin mikil. Vestfirðirnir hafa ávallt verið ævintýri þar sem landslag og menningararfur fléttast saman svo til verða sterk staðareinkenni. Það er skemmst frá því að segja að heimsókn mín á Suðureyri fór langt fram úr væntingum mínum. Í þorpinu er góður andi enda skín í gegn virðing íbúa fyrir þorpinu sínu,“ segir í úttektinni. Þar kemur m.a. fram að Suðureyrarhöfn endurspegli best ímyndina um sjálfbært sjávarþorp en

Suðureyri við Súgandafjörð.

hún sé vel til þess fallin að tengja saman tvo byggðakjarna sem hanga ekki saman. „Mikilvægt er að huga að því hvort hægt væri að festa á legg starfsemi eins sölu á ferskum fiski og veitingastað sem selur fiskrétti í nálægð við höfn og haf. Annað stórt verkefni sem minnst er á í úttektinni er að huga að snertifleti lands og sjávar og er stungið upp á þremur stöðum þar sem áhugavert væri að virkja kantinn við hafflötinn. „Mikilvægt er að vanda vel til við hönnum áður en farið er af stað með framkvæmdir. Þetta verkefni er jafnframt hægt að vinna í skrefum en þá er mikilvægast að byrja á aðstöðu við lónið, þar sem þorskum er gefið að borða, enda er hér um að ræða aðstöðu sem er engu lík.“

Krossgáta Cafe Catalina og Vestfirðinga.
Höfundur: Hafliði Magnússon frá Bíldudal.



Minningarsjóður stofnaður um Hjálmar R.

Ísfirðingurinn Hjálmar R. Bárðarson, f.v. siglingamálastjóri, sem lést í apríl í fyrra arfleiddi sex stofnanir og félagasamtök að öllum eigum sínum. Erfingjarnir eru: Ljósmyndadeild Þjóðminjasafns Íslands, Sjóminjasafnið Víkin í Reykjavík, Byggðasafn Vestfjarða og Fuglaverndarfélag Íslands, sem hvert um sig fékk 10% arfshlut og svo Landgræðsla ríkisins og Landgræðslusjóður sem hvort um sig fékk 30%. Í erfðaskránni koma fram óskir hins látna um ráðstöfun hvers aðila á arfinum. Landgræðslusjóður skyldi verja sínum arfshlut til landgræðsluskógræktar, t.d þar sem lúpína hefur gert land vænlegt til skógræktar. Landgræðsla ríkisins skyldi verja sínum hlut til aukinnar fræræktar lúpínu og notkun hennar til uppgræðslu og til að gera landvænlegt til frekari ræktunar nytjagróðurs.

Hjálmar R. Bárðarson.

Landgræðslusjóður og Landgræðsla ríkisins hafa nú þegar ákveðið að verja hluta arfsins til stofnunar sjóðs sem hefur að markmiði að styrkja rannsóknaverkefni í landgræðslu og skógrækt, með sérstakri áherslu á vistfræði lúpínu og landgræðsluskógrækt með lúpínu. Sjóðurinn fær í stofnfé 20 millj. króna frá hvorum eignaraðila og á að starfa í 10 ár, skv. ákvæði í skipulagsskrá. Styrkþegar geta verið einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og opinberir aðilar. Sjóðurinn hefur fengið nafnið Minningarsjóður Hjálmars R. Bárðarsonar og Else S. Bárðarson. Stjórn sjóðsins skipa þrír einstaklingar og er einn tilnefndur af Skógræktarfélagi Íslands, annar af Landgræðslu ríkisins og hinn þriðji af Skógrækt ríkisins. Eftirtaldir aðilar hafa tekið sæti í stjórn: Guðbrandur Brynjúlfsson frá Skógræktarfélagi Íslands, sem er formaður sjóðsstjórnar, Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri og Jón Loftsson skógræktarstjóri.

Innan skamms verður í fjölmiðlum auglýst eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum á árinu 2011.

Sælkeri vikunnar er Róslaug Agnarsdóttir á Flateyri

Kjúklingur í mango chutney

Sælkerinn býður upp á kjúkling í mango chutney og ljúffenga súkkulaðikökubita.

„Þetta eru uppskriftir sem ég nota rosa mikið. Kjúklingarétturinn er nú svo einfaldur að ég slumpa nú bara á og smakka til svo að ég er ekki alveg með nákvæmar mælieiningar fyrir hvert hráefni," segir Róslaug

Kjúklingur í mango chutney

Kjúklingabringur
ca ½ krukka mango chutney
Karrý
Matreiðslurjómi
Salt og pipar

Bringurnar skornar niður í hæfilega bita sem eru steiktir létt í potti (eða á pönnu) og kryddaðir smá með salti og pipar. Mango chutney og matreiðslurjóma hrært saman við þar til kjúklingurinn er kominn í góða sósu og að lokum smá karrý sett útí og látið malla smá í pottinum á meðan maður leggur á borðið. Mjög gott að bera fram með hrísgrjónum og fersku salati.

Brownies með hvítu Toblerone

80 g brætt smjör
40 g kakó
145 g sykur
2 egg
60 g hveiti
½ tsk lyftiduft
140 g hvítt Toblerone saxað

Hitið ofninn í 180°C. Hrærið smjör, kakó og sykur saman í skál. Bætið eggjunum út í, fyrst öðru og svo hinu. Setjið hveiti og lyftiduft saman við og blandið vel. Bætið 100 g af Toblerone út í en geymið 40 g til skreytingar. Smyrjið ferkantað form ca 20x20. Setjið deigið í formið, stráið söxuðu Toblerone yfir og bakið í 20-25 mín. Kælið og skerið í bita. Sjálf geri ég alltaf tvöfalda uppskrift og set í stærra form og baka í ca 25 mín, því bitarnir eru fljótir að hverfa.

Ég ætla að freista þess að skora á tengdaföður minn, hann Eirík Finn Greipsson að koma með eitthvað ljúffengt eins og honum einum er lagið í næsta blaði.

Þúsund kökur skreyttar með laufamynstri

Um þúsund laufabrauðskökur voru skornar út og steiktar í eldhúsi Menntaskólans á Ísafirði á laugardag. „Þetta gekk ljómandi vel. Margir mættu og hjálpuðu okkur þrátt fyrir að mikið væri um að vera í bænum þennan dag," segir Elín Matthildur Jónsdóttir hjá Styrktarsjóði Tónlistarskóla Ísafjarðar sem stendur að laufabrauðsgerðinni. Að vanda var deigið flatt út í Gamla bakaríinu áður en hafist var handa við útskurðinn. „Árni fórnaði vinnustaðnum sínum og flatti út kökurnar með öllum sínum tækjum og tólum. Hann er einn af þeim sem hjálpar okkur mest ár hvert," segir Elín.

Eftir að kökurnar höfðu verið skreyttar með laufamynstri voru þær steiktar og síðan pakkaðar inn og merktar og bíða nú torgsölunnar sem verður haldin í 28. sinn á laugardag. Þar verður í boði auk hins sívinsæla laufabrauðs, heitt kakó, lummur og ýmis konar varningur. „Í ár verður sú nýjung á torgsölunni að laufabrauð sem hefur brotnað, verður selt í pokum enda afskaplega ljúffengir bita sem ef til vill verða vinsælir. Þetta er allavega hollara snakk en útlenskur saltmulningur."

Í yfir aldarfjórðung hafa velunnarar skólans, mest megnis foreldrar nemenda og fyrrverandi nemendur skólans, komið saman við laufabrauðsgerðina. Jafnt ungir sem aldnir keppast þá við að skera út en oftast er það þrautreynd sveit styrktarsjóðskvenna sem sér um steikinguna. „Við viljum skila ómældu þakklæti til allra þeirra sem hjálpuðu til, ekki síst krakkanna sem eru svo dugleg að skera út," segir Elín.

Fyrir marga sem taka þátt hrindir það jólaundirbúningnum úr vör. „Maður gerir sér grein fyrir því jólin eru að koma, laufabrauðið kemur með jólafílinginn," segir Elín.

– thelma@bb.is

Laufabrauðin voru steikt eftir kúnstarinnar reglum.

Einbeitnin skein af andliti útskurðarmanna.

Karitas
handverksmarkaður
Það er alltaf markaður hjá okkur! Opið alla daga frá kl. 13-18. Í desember verður opið á sama tíma og hjá verslunum í miðbænum.

Gefum ísfirskt listaverk í jólagjöf!

Mikið úrval af prjónavörum, handmáluðu postulíni, glerverki og margt fleira.

Einhvað fyrir alla

Úrval af íslenskri tónlist!

Frá: **6.995,-**

Hnattlíkön með ljósi.
Margar stærðir og gerðir

Úrval af kvikmyndum og þáttum!

Jólabækur!

Gjafabækurnar fást hjá okkur. Íslenskir og erlendir titlar í úrvali.

Tölvuleikir - PS3 og PC

TOPModel vörurnar
Það vinsælasta í dag!

Frábært úrval, þægilegt andrúmsloft og við pökkum inn fyrir þig í Eymundsson á Ísafirði, Hafnarstræti 2.

Eymundsson.is

Skiptimiðinn Eymundsson

Eymundsson
Bóksali frá 1872